

Reykjavík, 24. janúar 2014

Niðurstaða athugunar á útlánastarfsemi MP banka hf.

Vorið 2012 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun á útlánastarfsemi MP banka hf. Athugunin beindist annars vegar að því að meta virði útlána bankans og hins vegar að útlánaferlinu, þar sem athugað var hvort bankinn fylgdi lögum og innri reglum. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins lá fyrir þann 28. júní 2013 og byggði á gögnum og upplýsingum miðað við verklag og stöðu lána bankans þann 31. mars 2012. Eins og tímasetningar bera með sér var að nokkru leyti verið að skoða aðstæður eins og þær voru þegar núverandi eigendur tóku við starfseminni og nýr banki var stofnaður í apríl 2011.

Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru eftirfarandi:

- Gerð var úrtakskönnun á lánveitingum á tímabilinu frá því að bankinn fékk starfsleyfi í apríl 2011 og til loka mars 2012. Athugasemdir voru gerðar við útlánaferli bankans og taldi Fjármálaeftirlitið að bæta þyrfti undirbúning lánsbeiðna, gæta betur að því að formsskilyrðum væri fullnægt, auk þess sem bæta þyrfti yfirlestur og frágang skjala.
- Athugasemdir voru gerðar við aðferðir bankans við mat á virði útlána í þeim tilvikum þegar bankinn studdist ekki við eigin reglur um skerðingarhlutföll trygginga, auk þess sem ekki var fullt samræmi í reglum bankans um skerðingarhlutföll trygginga.
- Gagnaskil bankans vegna athugunarinnar voru að mati Fjármálaeftirlitsins í mörgum tilfellum ófullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn MP banka hf. að hún fæli innri endurskoðanda bankans að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Skýrsla innri endurskoðanda barst í október 2013. Í skýrslunni kemur fram að MP banki hf. hafi brugðist við öllum athugasemdum Fjármálaeftirlitsins innan settra tímamarka, þá hafi grunnstoðir starfseminnar verið efdar til muna og endurskoðun farið fram á útlánaferli bankans. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að viðunandi úrbætur hafi verið gerðar af hálfu bankans.